

Fjármálaráðuneytið
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla
Arnarhvoll
101 Reykjavík
fjr@fjr.is
Mál nr. S-214/2024



Reykjavík 18. október 2024

Efni: Umsögn Samtaka ferðapjónustunnar um drög að frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja

Samtök ferðapjónustunnar hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 15. Október 2024. Að gefnu tilefni þykir ástæða til að rifja upp að samkvæmt 3. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnarinnar, nr. 791/2018, frá 24. febrúar 2023, nemur hæfilegur frestur til að gefa almenningi kost á að koma á framfæri umsögnum og ábendingum um áform um lagasetningu og frummat á áhrifum a.m.k. tveimur til fjórum vikum. Í máli þessu er einvörðungu veittur fimm daga frestur. Er það vægast sagt stuttur frestur á jafn stórt mál, þar sem ætlað er að umbylta skattheimtu vegna umferðar hér á landi. Í greinargerð með frumvarpinu er ekki að finna skyldu ráðherra, skv. 2. mgr. 3. gr. samþykktarinnar, til að rökstyðja í greinargerð með því lagafrumvarpi sem áformað er hvers vegna samráðið var takmarkað með framangreindum hætti.

Að því sögðu þá hafa Samtök ferðapjónustunnar – SAF farið yfir drög að frumvarpinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framafæri.

Er ekki bara best að hætta við þessa breytingu

Í greinargerð með frumvarpinu geta samtökin ekki komið auga á haldbær rök fyrir því að færa innheimtu af löggildum mælum við dælu yfir á margskonar kílómetramæla í bílum. Þá benda samtökin á að nokkur frétt næm dæmi hafa komið upp á yfirborðið síðustu misseri sem draga úr áreiðanleika KM mælinga í ökutækjum.

Líklegt er að bensín- og díselbílum muni fækka jafnt og þétt næsta aldarfjórðunginn og því skýtur skökku við að vera að gera boðaðar breytingar úr tryggu innheimtugerfi yfir í ringulreiðarkerfi þar sem þeim ökutækjum sem greiða á dælu í dag mun hvort sem er fækka á næstu misserum.

Samtökin leggja til að best væri að hætt verði við fyrirbyggjandi frumvarp og innheimtu við dælu haldið áfram enda hefur það gengið vel. Sérstaklega í ljósi þess að nú á að læða jafn stórra kerfisbreytingu inn á meðan samfélagið sjálft er með hugann við eitthvað allt annað. Þá er fyrir séð að hið opinbera muni blása út í eftirliti við breytingu og er fyrir séð að hið opinbera er engan veginn tilbúið til að takast á við það hlutverk.

Íslensk ferðaþjónusta er í alþjóðlegri samkeppni

Stjórnvöld verða að huga í meiri mæli en áður að alþjóðlegri samkeppni íslenskra ferðaþjónustufyrirtækja. Kílómetragjald eða annað sambærilegt gjald er ekki að finna á Norðurlöndunum. Álagning skattsins mun hafa þau áhrif að bílaleigubíllinn verður dýrari í leigu fyrir ferðamenn. Auknar álögur, skattar eða gjöld á atvinnugreinina skerða samkeppnishæfni áfangastaðarins og íslenskrar ferðaþjónustu. Er nóg af þeim fyrir, bílastæðagjöld við hvern áfangastað, fyrirhugaðir vegatollar, þvinganir í innkaupum á hreinorkubifreiðum og svo eitthvað sé nefnt. Þegar ákvörðun um ferðalag er tekin og verð á áfangastaðnum eru könnuð þá skoða ferðamenn helst kostnað á þremur hlutum flugi, hóteli og bílaleigubíl. Nú eru stjórnvöld að ákveða að leggja á aukinn skatt á bílaleigubílinn. Það mun hafa áhrif á samkeppnishæfni áfangastaðarins.

Fyrirvari

Allar breytingar á sköttum eða gjöldum til hækkunar með stuttum fyrirvara eru sérlega íþyngjandi í ferðaþjónustu. Líkt og kílómetragjaldið er fyrir bílaleigur enda geta þær ekki lagt skattinn á viðskiptavini þegar fyrirvarinn er jafn skammur og í þessu tilviki. Samtökin hafa ítrekað bent stjórnvöldum á að ákvörðun um ferðalag er oftast en ekki tekin með löngum fyrirvara og er því fjárfesting sem myndar skuldbindingu um tiltekið fast verð fram í tímann.

Samtökin framkvæmdu viðhorfskönnun meðal félagsmanna og telja 80% félagsmanna SAF að 12 til 18 mánuðir séu nauðsynlegur fyrirvari til að bregðast við auknum sköttum og gjöldum hins opinbera. Í því ljósi hafa SAF ítrekað bent stjórnvöldum á mikilvægi þess að gera breytingar á opinberum álögum á fyrirtæki í ferðaþjónustu með að minnsta kosti 12 til 18 mánaða fyrirvara. Aðeins með þeim hætti verður markmiðum náð um að það sé ferðamaðurinn sjálfur sem greiði viðkomandi skatta eða gjöld.

Að öðrum kosti er aðgerðin í raun beinn kostnaðarauki þar sem fyrirtækin munu koma til með að sitja uppi með breytingar skattsins og greiða fyrir þær innan úr rekstri sínum og getur kostnaðurinn hlaupið á mörghundruð milljónum króna. Það eru veruleg vonbrigði að stjórnvöld hafi ekki séð sér fært að bregðast við ítrekuðum ábendingum greinarinnar um eðlilegan fyrirsjáanleika hvað varðar skatta og gjöld og hyggist enn á ný leggja til verulegar skattkerfisbreytingar með nær engum fyrirvara.

Svo við vísum í orð sem birtast í þingsályktun um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til 2030 um fyrirsjáanleika og stöðugleika:

„Mikilvægt er að eftirlit með fyrirtækjum í ferðaþjónustu, og regluverk almennt, sé skilvirkt, ábyrgt og hagkvæmt. Þau skilyrði sem sett eru verða að hafa skýran tilgang sem varða viðgang og þróun ferðaþjónustunnar, með hliðsjón af samkeppnishæfni fyrirtækja og virðisauka. Gæta verður að stöðugleika og fyrirsjáanleika, sem er forsenda sjálfbærs reksturs fyrirtækja í greininni.“

Með vísan í ofangreind orð kalla samtökin eftir því að stjórnvöld sýni í verki, en ekki aðeins í orði, skilning á mikilvægi þess að fyrirsjáanleika sé gætt þegar skattar og gjöld eru sett á ferðaþjónustu.

Fari svo að frumvarpið verði lagt fram til samþykktar á Alþingi þarf að tryggja áðurnefndan fyrirsjáanleika þannig að allar breytingar á gjöldum er viðkoma ferðaþjónustu í tengslum við kílómetragjald eða daggjald á grundvelli fyrirbyggjandi frumvarps verði gerðar með a.m.k. tveggja ára fyrirvara. Þá telja samtökin afar mikilvægt að aðlögun að KM gjaldi fyrir hópþifreiðar nái yfir lengri tíma en til 2027 og leggja til að aðlögun verði með tröppugangi til ársins 2029. Einnig benda samtökin á að til að tryggja hvata til orkuskipta þurfi að veita 100% afslátt af kílómetragjaldi hreinorku-hópferðabíla í a.mk. 6 ár.

Virðingarfyllst



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar